

Fimmtudaginn 5. desember 1974.

Nr. 183/1973: **Jón Ármann Sigurjónsson**

(Jón Hjaltason hrl.)

gegn

Ólafi Gunnarssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramarnir Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Áfrýjun. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hefur kveðið upp Jón Hauksson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 18. desember 1973. Krefst hann sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Héraðsdómur í máli þessu var uppkveðinn 17. mars 1972. Stefndi áfrýjaði máli þessu upphaflega með stefnu 21. september 1972 og áfrýjandi með stefnu 18. október s. á. Með dómi Hæstaréttar 5. nóvember 1973 var því máli vísað frá Hæstarétti, þar sem áfrýjunarfrestur samkvæmt 1. málsgr. 20. gr. laga nr. 57/1962 var liðinn, þegar málinu var áfrýjað, og málsaðiljar höfðu eigi aflað sér áfrýjunarleyfis samkvæmt 2. mgr. 20. gr. nefndra laga.

Stefndi áfrýjaði máli þessu af nýju með stefnu 17. desember 1973, að fengnu áfrýjunarleyfi 10. s. m. Á dómþingi 4. desember 1974 hóf stefndi aðalsökina.

Áfrýjunarleyfi það, sem dómsmálaráðuneyti veitti stefnda 10. desember 1973, er eigi gilt, þar sem meðmæla Hæstaréttar var eigi leitað fyrir útgáfu þess samkvæmt 4. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973, sbr. 61. gr. þeirra laga. Áfrýjandi aflaði sér eigi sjálfstæðs áfrýjunarleyfis og getur ekki byggt áfrýjun sína á hinni ógildu áfrýjun stefnda. Ber því að vísa máli þessu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 17. mars 1972.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 15. febrúar s.l., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 19. október 1970, af Ólafi Gunnarssyni, Hávegi 11 A, Kópavogi, gegn Jóni Ármanni Sigurjónssyni, Bröttugötu 11, Vestmannaeyjum, til greiðslu bóta að fjárhæð kr. 120.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá og með 1. janúar 1969. Þá er krafist málskostnaðar eftir gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður að fullu að skaðlausu eftir mati réttarins.

Stefnandi kveður málavexti þá, að í ágúst 1967 hafi hann falið Guðna Þór Nicolaisyni bifreiðasala að selja bifreið sína Y 1061. Að undirlagi Guðna lét Ólafur Y 1061 í skiptum fyrir bifreiðina G 1084, sem þá var eign Bernharðs Sturlusonar, Miklubraut 1, Reykjavík. Guðni Þór tók síðan að sér að selja G 1084, en stefnandi var þá á förum til Sviss til náms og þjálfunar á vegum ÍSALS. Guðni Þór seldi síðan bifreiðina Sökkabúðinni h/f, en það fyrirtæki varð gjaldþrota um áramótin 1967-68. Guðni Þór hafði orðið eigandi ásamt öðrum manni að nafni Smári Egilsson, Skaftahlíð 33, Reykjavík, að Sökkabúðinni h/f. Fékk stefnandi aldrei eyri fyrir bifreiðina G 1084. Kona hans fékk aðeins fyrir eftirgangsmuni ónýta víxla frá Sökkabúðinni h/f, sem aldrei fengust greiddir.

Í byrjun desember 1967 seldi Sökkabúðin h/f bifreiðina G 1084 Jóni Ármanni Sigurjónssyni, stefnda í máli þessu.

Þegar skiptin fóru fram á Y 1061 og G 1084 var tölutilkynningu um eigendaskipti á G 1084 frá Bernharði Sturlusyni til stefnanda haldið opinni, að því er kaupanda snertir. Þegar Sökkabúðin h/f skyldi selja G 1084, tók Bifreiðaeftirlitið ekki gilda eignar- og söluheimild hennar að G 1084, þ. e. hinni opnu sölutilkynningu frá Bernharði Sturlusyni. Leitaði stefndi, Jón Ármann, þá Bernharð Sturluson uppi og fékk hann til að gefa út nýja sölutilkynningu með Bernharði sjálfum sem seljanda og stefnda sem kaupanda.

Hinn 19. apríl 1968 kærði stefnandi þessa máls Guðna Þór Nico-

laison fyrir svik í viðskiptum, og var málið rannsakað fyrir sakadómi Kópavogs og síðan sent saksóknara ríkisins, sem ákvað, að ekki skyldi höfðað opinbert mál, með því að huglæg saknæmis-skilyrði væru naumast nægilega sönnuð, hvað Guðna Þór snerti.

Fyrir sakadómi Vestmannaeyja þann 7. mars 1969 skýrði stefndi svo frá í sambandi við ofangreind bifreiðarkaup, að hann hafi keypt bifreiðina G 1084 í október 1967. Var það maður að nafni Smári Egilsson, sem seldi honum bifreiðina fyrir hönd Sökkabúðarinnar. Greiddi hann fyrir bifreiðina með veðskulda-bréfi að upphæð kr. 140.000.00, sem greiðast skyldi á fjórum árum. Ekki kvaðst hann muna, hvort honum var sagt, er kaupin gerðust, að Sökkabúðin væri raunverulegur eigandi að bifreiðinni, en afsalið var gefið út fyrir hönd Sökkabúðarinnar. Er stefndi ætlaði að skrásetja bifreiðina, kom í ljós, að Sökkabúðin var ekki skráður eigandi hennar, heldur maður að nafni Bernharður Sturluson. Fór stefndi heim til þessa manns ásamt tengdaföður sínum, og gaf Bernharður fúslega afsal fyrir bifreiðinni til stefnda. Kvaðst hann ekki vilja hafa bifreiðina lengur á sínu nafni. Stefnda minnir, að bílasalarnir hafi bent honum á að hafa samband við Bernharð þennan.

Stefndi kveðst aldrei hafa séð afsal Sökkabúðarinnar fyrir bifreiðinni, hvorki frá Ólafi Gunnarssyni né öðrum, og ekki vitað, að hann ætti bifreiðina, er stefndi festi kaup á henni, og hafi hann ekki vitað annað en allt væri með felldu um kaupin, fyrr en hann ætlaði að skrásetja bifreiðina.

Bernharður Sturluson, Miklubraut 1, Reykjavík, skýrði svo frá fyrir sakadómi, að hann hefði farið með bifreiðina G 1084 í ágúst 1967 til Bílasalans við Vitatorg til að fá skipt á henni og sendiferðabifreið, og varð síðan úr, að skipti fóru fram með honum og stefnanda. Söluþilkynning var höfð opin á bifreiðinni G 1084, því Guðni Þór Nicolaison sagði stefnanda, að hann hefði tilboð í bifreiðina, sem hann ætlaði að bjóða honum daginn eftir. Var svo allt kyrrt, uns vitnið rakst á bifreiðina G 1084, líklega í desember, og hringdi hann þá í Bílasalann við Vitatorg, og kom þá í ljós, að sá, sem hafði nýlega keypt G 1084 af Sökkabúðinni, var að leita að vitninu til að fá nýja söluþilkynningu. Kom nýi kaupandinn, stefndi í máli þessu, heim til vitnisins. Tjáði hann því, að Bifreiðaeftirlitið mundi ekkert gera í þessu máli, ef það fengi nýja söluþilkynningu frá vitninu, en sem sakir stæðu væru þeir orðnir óánægðir með þetta.

Fyrir sakadómi Kópavogs skýrði Guðni Þór Nicolaison versl-

unarmaður m. a. svo frá, að hann hefði sem eigandi og hagsmunaaðili í Sökkabúðinni átt þátt í, að hún gerði tilboð í bifreiðina G 1084. Ekki kvaðst hann muna, hvort hann sagði stefnanda, að hann væri orðinn eigandi búðarinnar. Þá skýrði Guðni Þór svo frá, að hann hafi talið Sökkabúðina eiga bifreiðina, þótt fyrsti víxillinn vegna kaupanna félli í gjalddaga án þess að vera greiddur, enda hafi hann ætlað að greiða víxilinn. Þá taldi Guðni Þór áreiðanlegt, að Sökkabúðin hafi fengið afsal fyrir bifreiðinni G 1084 og hljóti það að vera í plöggum Sökkabúðarinnar.

Stefnandi máls þessa telur sannað, að Guðni Þór Nicolaison hafi selt Sökkabúðinni h/f bifreiðina G 1084, eftir að honum var orðið kunnugt um slæman fjárhag fyrirtækisins, sem varð gjaldþrota þrem mánuðum síðar. Telur stefnandi Guðna Þór hafa haft af sér bifreiðina með svikum, sbr. 30. og 32. gr. laga nr. 7/1936. Sú ógildingarástæða hafi aldrei fallið niður, og var bifreiðin m. a. aldrei skráð á nafn Sökkabúðarinnar h/f í bifreiðaskrá. Þá telur stefnandi Guðna Þór hafa leynt sig upplýsingum, að hann væri orðinn „eigandi“ að Sökkabúðinni h/f, sem hefðu haft ákvarðandi áhrif á, hvort hann vildi selja bifreiðina, sbr. 30. gr. laga nr. 7/1936.

Stefnandi telur aldrei hafa komist í löglega sölu á G 1084 frá honum til Sökkabúðarinnar h/f, enda engin gögn komið fram um, að hún hafi nokkru sinni orðið eigandi.

Þá telur stefnandi, að aldrei hafi komist á löglegur sölusamningur á bifreiðinni frá Sökkabúðinni h/f til stefnda. Sökkabúðin hafði engin gögn til að sanna eignarrétt sinn gagnvart honum, hvorki afsal, sölusamning né skráningu á bifreiðaskrá. Stefndi gat því ekki verið grandlaus sem kaupandi að bifreiðinni og gat því ekki eignast hana fyrir traustnám. Upphaflega telur stefnandi sig þannig hafa átt endurkröfurétt til bifreiðarinnar, en nú eftir sölu hennar til andvirðis hennar.

Af hálfu stefnda er á það bent, að hann hafi aldrei átt nein lögskipti við stefnanda þessa máls í sambandi við lögskipti eða annað. Hann hafi keypt bifreiðina þann 26. október 1967 fyrir kr. 140.000.00, sem hann greiddi með veðskuldabréfi. Ekki lá fyrir veðbókarvottorð við sölu, og ekki var eftir því gengið af stefnda, sem var með öllu óvanur viðskiptum, enda fullyrtu bæði seljandi bifreiðarinnar og söluumboðsmaður, að engar kvaðir hvíldu á bifreiðinni. Hins vegar kom í ljós, er stefndi sótti veðbókarvottorð yfir bifreiðina daginn eftir til Hafnarfjarðar, að bifreiðin var ekki skráð á nafn Sökkabúðarinnar h/f, heldur á nafn

Bernharðs Sturlusonar, sem stefndi hafði þá þegar samband við og fékk fúslega hjá honum sölutilkynningu. Umskráði stefndi síðan bifreiðina og leit eftir þetta á sig sem eiganda hennar, uns hann seldi bifreiðina Gylfa Sigurðssyni, Fálkagötu 34, Reykjavík, með afsali, dags. 13. júní 1969.

Stefndi heldur því fram, að hann hafi keypt bifreiðina í góðri trú, enda nafn seljanda aldrei nefnt á nafn í sambandi við bifreiðina og viðskipti stefnanda og Sokkabúðarinnar h/f hafi verið honum með öllu ókunn. Hvorugur þessara aðilja hafi tilkynnt eigendaskipti til Bifreiðaeftirlitsins, sem þeir báru ábyrgð á. Ef stefnanda þótti gengið á rétt sinn í sambandi við sölu bifreiðarinnar, þar honum að snúa sér án ástæðulauss dráttar til þeirra manna, sem hann taldi hafa misfarið með eign sína, og rifta sölugerningnum, ef efni voru til, og þá annað hvort heimta bifreiðina aftur eða andvirði hennar.

Þá bendir stefndi og á, að Guðni Þór Nicolaisson hafi haft umboð til sölu bifreiðarinnar og geti stefnandi ekki nú komið og heimtað andvirði hennar af sér, þar sem lögleg sala hafi farið fram fyrir tilstilli umboðsmannsins.

Niðurstaða.

Í máli þessu er komið fram, að stefnandi máls þessa var aldrei skráður eigandi bifreiðarinnar G 1084. Ósannað er, að stefnda hafi verið kunnugt eða mátt vera kunnugt um tilkall hans til bifreiðarinnar, þegar frá afsali og umskráningu var gengið, enda Sokkabúðin h/f þá orðin formlegur eigandi, en skráður eigandi Bernharður Sturluson, sem stefndi fékk síðan sölutilkynningu frá. Ógildingarástæðum stefnanda gagnvart Guðna Þór Nicolaisyni virðist vart vera beint gagnvart stefnda nú, enda ekki sannað, að sala Sokkabúðarinnar h/f á bifreiðinni til stefnda á þeim tíma, er hún fór fram, hafi verið ólögmæt. Verður því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Jón Ármann Sigurjónsson, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Ólafs Gunnarsson, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.